

Borgarstjórn
20. febrúar 2018

Tillaga Sjálfstæðisflokks um úrbætur í vegamálum á Kjalarnesi

Borgarstjórn Reykjavíkur lýsir yfir eindregnum vilja sínum til þess að sem fyrst verði ráðist í úrbætur á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi í því skyni að draga úr slysaþættu þar. Nýlegir atburðir hafa enn einu sinni sannað að umræddur vegarkafli er hættulegur og að nauðsynlegt er að breikka veginn og aðskilja akreinar á honum. Borgarstjórn skorar á ríkisvaldið að veita sem fyrst fé til umræddra vegabóta og lýsir sig reiðubúna til þess að tryggja skjóta og vandaða meðferð varðandi skipulagsþátt málsins í góðri samvinnu allra aðila þess, þar á meðal íbúa Kjalarness.